



**19. fundur Ungmennaráðs Múlapings  
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Borgarfirði, mánudaginn 12. desember  
2022  
og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Björg Gunnlaugsdóttir aðalmaður, Helgi Magnús Gunnlaugsson aðalmaður, Hilmir Bjólfur Sigurjónsson aðalmaður, Páll Jónsson aðalmaður, Rebecca Lísbet Sharam formaður, Sonja Bríet Steingrímsdóttir aðalmaður, Sóley Dagbjartsdóttir aðalmaður, Sævar Atli Sigurðarson aðalmaður, Valgeir Már Gunnarsson aðalmaður, Grímur Ólafsson varamaður og Dagný Erla Ómarsdóttir verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Erla Ómarsdóttir, verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála

**Dagskrá:**

**1. 202209205 - Gjaldskrár 2023**

Fyrir lá umræða um gjaldskrár í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins en fjölskylduráð samþykkti fyrirbyggjandi gjaldskrár á fundi sínum þann 29. nóvember 2022.

Ungmennaráð óskar eftir því að vera þátttakandi í gjaldskrárgerð almennt þegar endurskoðun á þeim fer fram á næsta ári. Ungmennaráð telur það æskilegt þar sem þetta málefni hefur áhrif á þátttöku ungmenna í heilsurækt.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**2. 202109046 - Stofnun æskulýðssjóðs**

Í vinnslu.

**3. 202212068 - Aukin fræðsla um hinsegin málefni**

Í ljósi þeirrar þróunar sem hefur verið upp á síðkastið, þar sem tilverurétti hinsegin fólks hefur ítrekað verið ógnað, kallar ungmennaráð eftir því að allar stofnanir sveitarfélagsins auki fræðslu um hinsegin málefni. Sérstaklega er mikilvægt að fræðslan sé stór aukin fyrir starfsfólk og nemendur grunn- og leikskóla og einnig að séð sé til þess að foreldrar og forsjáraðilar fá aukna fræðslu. Íbúar sveitarfélagsins, bæði börn og fullorðin, eiga rétt á því að lifa lífi sínu án áreitiss frá samborgurum sínum.

Mikilvægt er að Múlaping sé leiðandi í jafnréttismálum, sporni gegn óæskilegri orðræðu og fordómum og telur ungmennaráð að hinsegin fræðsla til breiðs hóps samfélagsins sé mikilvægur hluti af því.

Ungmennaráð felur starfsmanni ráðsins að koma hvatningunni til stofnana



sveitarfélagsins og fylgja henni eftir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30**

